

**Sp. 46. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]**  
um sérstakan fjárhagsstuðning við Vatnsveitu Vestmannaeyja.

Flm.: Karl Guðjónsson, Björn Fr. Björnsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að láta 15% af heildarsölu Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins í Vestmannaeyjum næstu 10 ár renna til stofnkostnaðar Vatnsveitu Vestmannaeyja, auk þeirrar fyrirgreiðslu, sem ákveðin verður á hverjum tíma úr ríkissjóði samkv. lögum nr. 93 frá 1947, um aðstoð til vatnsveitna.

#### **G r e i n a r g e r ð .**

Eins og alkunnugt er, hefur allt frá fornu fari verið alvarlegur skortur á góðu neyzluvatni í Vestmannaeyjum. Náttúrleg vatnsból eru þar ekki, að talizt geti, og hefur þar aðallega verið notast við þá vatnsöflunaraðferð að safna regnvatni af húsapökum í steiptar þrær, svonefnda brunna, við hvert hús og koma síðan fyrir sérstökum dælubúnaði í húsunum til að hafa rennandi vatn til nota, þótt engin sam- eiginleg vatnsveita væri þar til.

Þessi aðferð er bæði dýr og á ýmsan hátt óhentugri en sameiginleg vatnsveita. En ekki væri það þó óbærilegt, ef þetta fullnægði þörfinni og stæðist heilbrigðis-kröfur þær, sem nú eru gerðar og gera verður.

En eftir því sem þéttbýli í Eyjum fór vaxandi og lifnaðarhættir kröfðust aukinnar vatnsnotkunar, varð stöðugt örðugra að fullnægja vatnsþörfinni með þessum hætti, auk þess sem mengunarhætta fer vaxandi vegna aukins þéttbýlis og einnig af völdum geislunarhættu.

Auk hinna beinu erfiðleika við vatnsöflunina er það líka margt, sem til hag- ræðis horfir, sem Vestmanneyingar hafa ekki getað notfært sér til jafns við aðra sökum vatnsskortsins. Má þar sem dæmi tilnefna, að mjög tíðkast í nútíma sam- félagsháttum að byggja sambýlishús til íbúða, og er það alkunna, að slíkt er bæði ódýrara og á margan hátt hentugra. Það hefði verið sérstök ástæða til þess að við- hafa þann máta við húsagerð í Eyjum, þar sem landrými er mjög af skornum skammti, og hefur raunar gengið meira á óbyggt land en hófi gegnir hin seinustu árin. En einbýlishús eru næstum einu húsín, sem í Eyjum hafa verið reist, vegna þess að hver fjöskylda þarf að hafa 100—200 m<sup>2</sup> þakflöt til þess að safna vatni af, ef nægjanlegt á að vera til heimilisþarfa.

En þótt augljóst megi vera, hvert óhagræði íbúum Vestmannaeyja er að vatns- leysinu og hver skortur á heilbrigðislegu öryggi hlýtur að vera í því að eiga þess engan kost að afla neyzluvatns nema með þeim hætti, sem greint hefur verið, er þó enn ónefndur sá hlutur, sem að framleiðslu og fiskiðnaði lýtur.

Með vaxandi vélvæðingu fiskvinnslunnar hefur vatnsþörf stóraukizt. Margar fiskvinnsluvélar, sem gerðar eru fyrir að nota vatn við vinnsluna, hafa verið látnar nota sjó í stað vatns, með þeim afleiðingum, að ending þeirra er aðeins lítið brot af því, sem eðlilegt verður að teljast.

Stærri skip og lengra úthald, án þess að í land sé komið, krefst líka aukinnar vatnsnotkunar á fiskiflotanum.

Öllum þessum þáttum vatnsnotkunarinnar er það nú sameiginlegt, að það ger- ist stöðugt tíðara, að þörfinni sé alls ekki fullnægt.

Af öllum þessum ástæðum hefur á liðnum árum mikið kapp verið á það lagt af Vestmanneyinga hálfu að leysa úr vatnsþörfinni, og hafa í því skyni mörg úrræði verið könnuð, og sum þeirra hafa um skeið vakið nokkrar vonir, en því miður er þeim það öllum sameiginlegt, að þau hafa ekki leyst vandann.

Hér er ekki ástæða til að rekja þær tilraunir í einstökum atriðum, en síðasta tilraunin var djúpbörnun, til að kanna, hvort vatnsæðar kynnu að finnast djúpt í berglögum undir Eyjum. Var borað niður á um 1700 m dýpi, en árangurinn varð enginn annar en 6 millj. kr. kostnaður, sem ríki og Vestmannaeyjabær greiddu að hálfu hvor aðili.

Nú hafa Vestmanneyingar hafizt handa um lögn vatnsveitu úr landi Syðstu- Merkur undir Eyjafjöllum um Markarfljótsbrú og Austur-Landeyjar í Landeyja- sand. Þangað er leiðslan nú þegar komin, og vatnið streymir út á sandinn fram undan bænum Bakka í Landeyjum og mun væntanlega svo verða í vetur. Næsta sumar verður svo lögð neðansjárleiðsla út í Vestmannaeyjar, ef allt fer sem ætlað er, og vatnsæðin úr landi tengd innanbæjarkerfinu í Eyjum, sem þegar er komið nokkuð áleiðis, nær um það bil til þriðjungs kaupstaðarins, og verður áfram unnið að bæjarkerfinu, þar til það er fullgert.

Kostnaður við veitu þessa er lauslega áætlaður um 103 millj. kr., og fylgir kostnaðaráætlun sú, sem Efnahagsstofnunin hefur tekið saman um veituna, hér með sem fylgiskjal.

Þá er þess að geta, að Austur-Landeyingar hafa þegar fengið vatn úr veitu þess- ari á hvert einasta býli í hreppnum, en þau munu vera um 40 talsins. Leiðsla þeirra er tekin út úr aðalæð Eyjaveitunnar nálægt bænum Svanavatni í Landeyjum, og er hún um 53 km löng samtals, svo að hér er einnig um óvenjulegt fyrirtæki að ræða, sem kostar um 5 millj. kr.

Það má því í raun rétttri segja, að hér sé um sameiginlega vatnsveitu að ræða fyrir Vestmannaeyjur og Austur-Landeyjar, og verður að teljast eðlilegt, ef Alþingi féllist á tillögu þessa, að þá yrði það lagt á vald ráðherra að ákveða, hvernig fé því, sem hér um ræðir, yrði varið í þágu veitunnar, með sama hætti og fé úr ríkissjóði samkv. lögum nr. 93/1947.

Það er augljóst mál, að vatnsveita þessi er alveg einstæð. Enginn kaupstaður hefur áður sótt vatn sitt um svo langan veg og torleiði sem Vestmannaeyjar né heldur lagt í sambærilegan kostnað. Það eru því sem vonlegt er, engin lög til um aðstoð við vatnsveitur, sem gera ráð fyrir jafngifurlegum kostnaði og hér um ræðir, og almennar fjárveitingar til vatnsveitna ekki við það miðaðar.

Hér er því lagt til að farið sé að í samræmi við það, hve málið er óvenjulegt, og leitað nýrrar leiðar um fjárútvegum umfram það, sem almennt gildir um vatnsveitur, en þó komið hjá beinum óvenjulegum framlögum úr ríkissjóði til verksins.

Á yfirstandandi ári í marz mánuði opnaði Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins nýja útsölu í Vestmannaeyjum. Ekki er vitað, með hvað mikilli sölu vert er að reikna árlega hjá því fyrirtæki. Sala þess nam í septemberlok 20.7 millj. króna og verður þá væntanlega um 30 millj. á árinu. Nú er það flestra skoðun, að óeðlilega mikil viðskipti hafi verið við verzlun þessa hina fyrstu mánuði, vegna þess að engin slík verzlun hafði þá verið í Eyjum um margra ára skeið. Vel mætti því hugsa sér, að 30 millj. kr. væri líkleg árssala. Heildarupphæðin, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir á 10 árum, mundi þá geta orðið nálægt 45 milljónum króna og þá rösklega 40% af áætluðum stofnkostnaði veitunnar, svo að hér er um hóflega tillögugerð að ræða.

Þegar fjárlög ársins 1967 voru samþykkt, var verzlun sú, sem hér er ráðgert að hafa að tekjustofni, ekki komin á fót, svo að ekki er líklegt, að tillaga þessi spilli fjárhag ríkissjóðs svo sem hann var ráðgerður á fjárlögum, en að sjálfsögðu væri rétt að gera ráð fyrir áhrifum tillögu þessarar, ef samþykkt yrði, við gerð næstu fjárlaga. Annars er hér um svo litla upphæð að ræða, að eftir venju gæti hún falizt í umframágóða Áfengis- og tóbaksverzlunarinnar, þótt hún félli niður úr áætlunargerð fjárlaga.

Þá er það skoðun flutningsmanna, að ekki sé forsvaranlegt að setja upp áfengisútsölu í vatnslausum bæ án þess að ætla henni jafnframt að taka þátt í kostnaði við nýja vatnsöflun, sem hún að sjálfsögðu gerir enn brýnni.

Fylgiskjal I.

EFNAHAGSSTOFNUNIN

Greiðsluáætlun fyrir vatnsveitu Vestmannaeyja 1966—1985.  
(m.kr.).

	1966	1967	1968	1969	1970	1971	1972	1973	1974	1975
Út: Framkvæmdir .....	11.9	11.7	40.0	9.0	30.0	—	—	—	—	—
Afb. og vextir af erl. láni I .....	—	—	2.5	2.7	2.7	2.7	2.7	2.7	2.7	2.7
— — — erl. láni II .....	—	—	—	—	2.9	3.3	3.3	3.3	3.3	3.3
— — — innl. láni I .....	—	—	1.0	1.0	0.9	0.9	0.9	0.8	0.8	0.7
— — — innl. láni II .....	—	—	—	2.3	2.2	2.1	2.0	1.8	1.7	1.6
— — — öðrum lánum .....	—	4.8	1.7	—	—	—	—	—	—	—
Út samtals	11.9	16.5	45.2	15.0	38.7	9.0	8.9	8.6	8.5	8.3
Inn: Tekin lán .....	5.8	6.1	30.6	—	22.3	—	—	—	—	—
Framlag bæjarsjóðs .....	6.1	8.0	8.0	6.6	6.2	2.7	2.7	2.4	2.2	1.9
Framlag ríkissjóðs .....	—	2.7	2.7	2.7	2.7	—	—	—	—	—
Inntökugjald .....	—	—	1.5	1.5	1.5	—	—	—	—	—
Rekstrartekjur (nettó) .....	—	-0.3	2.4	4.2	6.0	6.3	6.2	6.2	6.3	6.4
Inn samtals	11.9	16.5	45.2	15.0	38.7	9.0	8.9	8.6	8.5	8.3
Út samtals	11.9	16.5	45.2	15.0	38.7	9.0	8.9	8.6	8.5	8.3
Út: Afb. og vextir af erl. láni I .....	2.7	2.7	—	—	—	—	—	—	—	—
— — — erl. láni II .....	3.3	3.3	3.3	3.3	—	—	—	—	—	—
— — — innl. láni I .....	0.7	0.6	—	—	—	—	—	—	—	—
— — — innl. láni II .....	1.5	1.4	1.3	—	—	—	—	—	—	—
Út samtals	8.2	8.0	4.6	3.3	—	—	—	—	—	—
Inn: Framlag bæjarsjóðs .....	1.8	1.4	—	—	—	—	—	—	—	—
Rekstrartekjur (nettó) .....	6.4	6.6	6.6	6.7	7.0	7.1	7.1	7.2	7.4	7.5
Vextir af sjóði .....	—	—	—	0.1	0.4	0.9	1.5	2.0	2.7	3.4
Inn samtals	8.2	8.0	6.6	6.8	7.4	8.0	8.6	9.2	10.1	10.9
Sjóður .....	—	—	2.0	5.5	12.9	20.9	29.5	38.7	48.8	59.7

## Fylgiskjal II.

### EFNAHAGSSTOFNUNIN

Athugasemdir við töflu um greiðsluáætlun fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.

#### **Skipting framkvæmdar.**

1966	Framkvæmdir í landi samtals .....	11.9 m.kr.	
1967	Framkvæmdir í landi .....	3.2 m.kr.	
	Stofnæð í Vestmannaeyjum .....	2.0 m.kr.	
	Sprenging fyrir vatnsleiðslu um hafnarmynnið ..	0.5 m.kr.	
	Dreifikerfi innanbæjar .....	6.0 m.kr.	
	Samtals	11.7 m.kr.	
1968	Lögn fyrri neðansjárleiðslu .....	24.0 m.kr.	
	Dælustöð .....	7.0 m.kr.	
	Dreifikerfi .....	6.0 m.kr.	
	Vatnsgeymir (fyrri hluti) .....	3.0 m.kr.	
	Samtals	40.0 m.kr.	
1969	Vatnsgeymir (síðari hluti) .....	3.0 m.kr.	
	Dreifikerfi .....	6.0 m.kr.	
	Samtals	9.0 m.kr.	
1970	Seinni leiðsla .....	30.0 m.kr.	
	Samtals	102.6 millj. kr.	

#### **Lánsfjáröflun.**

1966	Greiðslufrestur á asbestleiðslu .....	2.2 m.kr.	greiðist 1967
	Greiðslufrestur af tollum .....	1.6 m.kr.	greiðist 1967
	Lán í Landsbanka Íslands .....	2.0 m.kr.	greiðist 1967 og 1968
1967	Innlent lán I 5.5 m.kr. til 10 ára 9% vextir jafnar afborganir. Tekið bráðabirgðalán að upphæð 0.6 m.kr. greiðist 1968.		
1968	Erlent lán I 18.6 m.kr. vegna erlends kostnaðar við lögn fyrri leiðslunnar. 10% greiðist fyrir áramót, afgangurinn verði jafngreiðslulán til 9 ára með 8½% vöxtum.		
1970	Innlent lán II 12.0 m.kr. Sömu kjör og á innlendu láni I. Erlent lán II 22.3 m. kr. vegna erlends kostnaðar við lögn seinni leiðslunnar. Sömu kjör og á erlendu láni I.		